

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags leikskólakennara**

127. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara var haldinn þriðjudaginn 12. september 2023. Fundurinn fór fram í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 12:00.

Á fundinum voru f.h. FL, Haraldur F. Gíslason og f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Raket Guðmundsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár.

1. Röðun starfsheita Leiðsagnarkennara 1 til 4 á gildistíma kjarasamnings

Samningsaðilar eru sammála um að röðun starfsheita leiðsagnarkennara 1 til 4 verði með eftirfarandi hætti á gildistíma kjarasamnings frá og með 1. apríl 2023 til og með 31. maí 2024.

Leiðsagnarkennari 1: Leikskólakennari sem tekur að sér leiðsögn grunnraðast í launaflokk 235.

Leiðsagnarkennari 2: Sérkennari/Verkefnastjóri/Sérgreinakennari sem tekur að sér leiðsögn grunnraðast í launaflokk 236.

Leiðsagnarkennari 3: Deildarstjóri sem tekur að sér leiðsögn grunnraðast í launaflokk 239.

Leiðsagnarkennari 4: Sérkennslustjóri sem tekur að sér leiðsögn grunnraðast í launaflokk 240.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 12:15.